

47. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 100 000.00 nema þyngri refsing liggji við samkvæmt almennum lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 48 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Höfn við Bakkafjörð, nr. 38 25. apríl 1962, ásamt áorðnum breytingum.

Samgönguráðuneytið, 17. nóvember 1972.

Hannibal Valdimarsson.

Kristinn Gunnarsson.

Nr. 303.

20. nóvember 1972.

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til biskups um að bærinn Grafardalur tilheyri Saurbæjarsókn í Borgarfjarðarprófastsdæmi.

„Með skírskotun til bréfs yðar, háæruverðugi herra, dags. 17. þ. m., varðandi framkomna ósk um að bærinn Grafardalur tilheyri eigi lengur Fitjasókn heldur Saurbæjarsókn í Borgarfjarðarprófastsdæmi, tekur ráðuneytið fram, að þar sem fyrir liggur samþykki viðkomandi safnaða og héraðsfundur fyrir þessari ráðstöfun svo og meðmæli yðar, samþykkir ráðuneytið með vísun til 11. gr. sbr. 12. gr. laga nr. 35/1970 um skipun prestakalla og prófastsdæma og um kristnisjóð, að greindur bær skuli framvegis tilheyra Saurbæjarsókn.“

Nr. 304.

20. nóvember 1972.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir Hitaveitu Laugaráss í Biskupstungum.

1. gr.

Gjöld fyrir dreifingu heita vatnsins greiðast þannig á ári:

1. Eftir vatnsmagni kr. 19 600 sekl. Sé vatnið notað eingöngu til búreksturs skal ekki frekara gjalds krafizt.
2. Fasteignagjöld:
 - a. Af íbúðarhúsum kr. 22.00 pr. rúmm. á ári.
 - b. Af iðnaðar- og verkstæðishúsum kr. 15.00 pr. rúmm. á ári.
3. Lágmarksgjald skal þó ekki vera minna en kr. 5800 fyrir hvern notanda á ári.
4. Öll gjöld í gjaldskrá þessari miðast við utánmál húsa.
5. Gjöld fyrir heitt vatn til annarra nota en að framan greinir ákveður Stjórnar-nefnd Laugaráshéraðs hverju sinni, að fenginni heimild ráðuneytisins.
6. Full hitaveitugjöld skal greiða frá þeim tíma, að umsókn hefur komið fram um aðild að hitaveitunni og umsækjandi á kost á tengingu heimæðar frá stofnæð eða síðustu greiningu dreifiaðar.